

---

## Minnisblað

Dagsetning: 22. febrúar 2022  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

---

### Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um sóttvarnaaðgerðir á landamærum vegna COVID-19.

---

Núverandi reglur um sóttvarnaráðstafanir á landamærum hafa verið í gildi síðan 1. október 2021 (reglugerð nr. 1100/2021) með síðari breytingum sem einkum hafa snúið að breytingum á einangrun, sóttkví og smitgát. Í gildi nú er reglugerð nr. 38/2022 með síðari tíma breytingum og gildir hún til 1. mars 2022.

Það fyrirkomulag sóttvarna sem nú er við lýði á landamærum og hefur gilt frá 1. október 2021 er eftirfarandi:

- Öllum ferðamönnum sem hingað ferðast er skylt að forskrá sig.
- Ferðamönnum með tengsl við Ísland er skylt að framvísa viðurkenndu vottorði um:
  - Bólusetningu gegn Covid-19:
    - A.m.k. tvær bólusetningar með bóluefnum viðurkenndum af WHO eða Lyfjastofnun Evrópu. Undantekning er ein bólusetning með bóluefni frá Janssen. Vottorð um fulla bólusetningu gildir í 9 mánuði eftir seinni bólusetningu (fyrstu eftir bóluefni Janssen) en engin takmörk eru á endingartíma eftir örvunarbólusetningu.

#### Eða

- Yfirstaðið smit af völdum Covid-19 sem staðfest var með PCR prófi á undangengnum 7-180 dögum.

#### Eða

- Mótefni í blóði gegn Covid-19 án tímamarka.

Þeir ferðamenn sem framvísa ofangreindum vottorðum þurfa ekki að framvísa PCR neikvæðu eða antigen prófi við byrðingu en þurfa að undirgangast PCR/antigen próf innan tveggja daga frá komu hingað til lands hafi þeir tengsl við Ísland.

Þeir sem ekki geta framvísað ofangreindum vottorðum þurfa að undirgangast PCR próf við komu og dvelja í fimm daga sóttkví sem lýkur með öðru PCR prófi.

- Ferðamenn sem ekki hafa tengsl við Ísland þurfa að framvísa vottorði um:
  - Neikvæð PCR eða antigen próf sem tekin voru innan 72 klst. fyrir byrðingu burtséð frá bólusetningastöðu. Undanþegnir eru þeir sem framvísa vottorði um yfirstaðið smit af völdum Covid-19 á undangengnum 7-180 dögum.

#### og

- Bólusetningu gegn Covid-19:
  - A.m.k. tvær bólusetningar með bóluefnum viðurkenndum af WHO eða Lyfjastofnun Evrópu. Undantekning er ein bólusetning með bóluefni frá

Janssen. Vottorð um fulla bólusetningu gildir í 9 mánuði eftir seinni bólusetningu (fyrstu eftir bóluefni Janssen) en engin takmörk eru á endingartíma eftir örvunarbólusetningu.

Þeir sem ekki geta framvísað ofangreindum vottorðum þurfa að undirgangast PCR próf við komu og dvelja í fimm daga sóttkví sem lýkur með öðru PCR prófi.

- Börn fædd 2005/2006 og síðar eru undanþegin ofangreindum aðgerðum og sömuleiðis tengifarþegar sem fara ekki út fyrir landamærastöð. Einnig flugáhafnir í vinnuferðum í 48 klst eða skemur.

Í janúarmánuði sl. komu hingað til lands um 82.000 farþegar alls. Af þeim fóru um 32.000 í próf á fyrstu tveimur sólarhringum eftir komu, 30.600 í PCR próf og 1.400 í hraðgreiningapróf. Um 9% (3,019) greindust með veiruna eða um 97 á dag að meðaltali. Afbrigði veirunnar sem greindust voru ýmist delta eða ómicron en ómicron var í miklum meirihluta. 77.500 (95%) farþegar framvísuðu vottorðum um bólusetningu, fyrri sýkingu eða mótefnamælingu og af þeim fóru um 28.000 í PCR próf fyrstu tvo sólarhringana eftir komu og greindust um 10% með smit. Um 1.200 manns fóru í fimm daga sóttkví og greindust 2% með smit í seinni sýnatöku. Í þeim gögnum sem safnað er á landamærum er ekki hægt að sjá hversu stór hluti þeirra sem þurftu að fara í 5 daga sóttkví greindust jákvæðir á prófi við komuna til landsins og þurftu þannig að fara í einangrun.

*Í samantekt má því áætla að um 7.500 farþegar (10% allra farþega) sem hingað komu í janúar sl. hafi borið með sér smit eða um 240 á dag að meðaltali. Á sama tíma greindust rúmlega 36.000 manns með COVID-19 innanlands og er áætlað að svipaður fjöldi hafi smitast en ekki greinst. Því má áætla að smit á landmærum hafi verið tæplega 10% af öllum smitum á Íslandi í janúar 2022. Fjöldi smita á landamærum í febrúarmánuði er í stórum dráttum svipaður og í janúar en er hlutfallslega minni ef miðað er við heildarfjölda smita þar sem að daglegur fjöldi innanlandssmita hefur verið meiri sem af er febrúarmánuði.*

Í nýlegri farþegaspá Isavia fyrir komufarþega ársins 2022 er gert ráð fyrir um 120.000 komufarþegum í apríl nk. og um 215.000 í júlí. Í framhaldi af því er spáð heldur færri komum út árið en alls er spáð um 1,6 milljón komufarþegum á árinu 2022. Erfitt er að spá um hversu stór hluti farþega næstu mánaða muni reynast smitaður af Covid-19. Líklegt er þó að hlutfallið muni reynast áfram um 10% og því gæti daglegur fjöldi smita orðið nokkrar hundruðir næstu mánuði. Líklegt má telja að ónæmi í samfélaginu verði hins vegar orðið það mikið á þeim tíma að lágmarksútbreiðsla muni hljóttast af innanlands. Einhver hluti þessara smituðu farþega gæti þó veikt alvarlega, sérstaklega þeir sem óbólusettir eru og gætu þannig þurft meðferð í íslensku heilbrigðiskerfi. Þannig má því færa fyrir því viss rök að áhersla á sóttvarnaaðgerðum á landamærum ætti helst að beinast að skimun fyrir Covid-19 hjá óbólusettum ferðamönnum fyrir komu. Hins vegar þarf að hafa í huga bólusettir geta einnig borið með sér smit og því eru ekki sterk rök fyrir mismunun á óbólusettum og bólusettum hvað sóttvarnir á landamærum snertir.

Margar þjóðir hafa nú breytt sóttvarnaráðstöfunum á sínum landamærum. Í flestum þeirra eru fullbólusettir skv. evrópskum kröfum, undanþegnir takmörkunum á meðan að ó- eða vanbólusettir þurfa ýmist að framvísa neikvæðum niðurstöðum prófa við byrðingu erlendis eða að undirgangast próf við komuna til landsins. Á Norðurlöndum eru eftirfarandi sóttvarnaaðgerðir nú í gangi á landamærum hvað varðar Covid-19:

#### 1) Danmörk (aðgerðir sem gilda til 28. febrúar nk.)

Fullbólusettir einstaklingar með viðurkenndum bóluefnum og þeir sem framvísa vottorðum um afstaðna Covid sýkingu á sl. 11-180 dögum eru undanþegnir öllum takmörkunum.

Ó- eða vanbólusettir einstaklingar og þeir sem ekki hafa smitast af Covid-19 þurfa hins vegar að undirgangast ákveðnar takmarkanir. Þeir sem koma frá EES löndum þurfa að framvísa neikvæðu hraðgreiningaprófi sem tekið er innan 48 klst. fyrir komu eða neikvæðu PCR prófi sem tekið er innan 72 klst. fyrir komu. Að öðrum kosti þurfa þeir að undirgangast

hraðgreininga- eða PCR próf innan 24 klst. eftir komu til landsins. Þeir sem koma frá há-áhættulöndum utan EES og eru óbólusettir þurfa að undirgangast greiningarpróf innan 24 klst eftir komu og auk þess delja í sóttkví í 10 daga. Sóttkví má stytta í 6 daga með neikvæðu PCR prófi á 6. degi.

2) **Noregur.**

Frá 12. febrúar 2022 eru engar takmarkanir í gildi á landamærum fyrir bólusetta eða óbólusetta utan sem innan EES.

3) **Svíþjóð (aðgerðir sem gilda til 31. mars 2022).**

Frá 9. febrúar sl. hefur gilt að ferðamenn utan EES verða að framvísa vottorði um neikvætt PCR/hraðgreiningapróf án tillits til bólusetningastöðu eða sögu um fyrra Covid smit. Engar takmarkanir eru á ferðamenn sem koma frá löndum innan EES.

4) **Finnland (aðgerðir gilda til 13. mars 2022).**

Frá 1. febrúar 2022 gilda þær reglur, að allir farþegar verða að framvísa vottorði um fulla bólusetningu eða vottorði um afstaðna Covid sýkingu eða vottorði um neikvætt PCR/hraðgreiningapróf sem tekið var innan 72 klst. fyrir komu. Ef ferðamenn uppfylla ekki þessr kröfur þá þurfa þeir að undirgangast próf við komu (PCR/hraðgreiningapróf) sem endurtekið er 3-5 dögum síðar.

Í ljósi þess að smit af völdum Covid-19 eru nú verulega útbreidd í samfélaginu og ónæmi því útbreitt, og smit á landamærum eru einungis minna en 10% af heildarfjölda allra innlendra smita, þá tel ég að forsendur séu fyrir hendi til að slaka hér á sóttvarnaaðgerðum á landamærum. Ég tel því að íslensku samfélagi stafi lítil hættu af þeim smitum sem koma yfir landamærin nema ef ný afbrigði koma fram erlendis sem hegða sér öðru vísi en þau afbrigði sem við höfum höfum verið að fást við til þessa.

Ég tel einnig litlar faglegar forsendur fyrir því á þessari stundu að gera greinarmun á óbólusettum og bólusettum einstaklingum á landamærum og hvort þeir koma frá löndum innan eða utan EES svæðisins.

**Ég legg því til að öllum sóttvarnaaðgerðum á landamærum verði hætt á sama tíma og sóttvarnaaðgerðum innanlands verður aflétt en nú er miðað við að það verði 25. febrúar nk. Rétt er þó að áréttu að stjórnvöld þurfa að vera reiðubúin að innleiða sóttvarnaaðgerðir á landamærum hratt aftur ef ný og hættuleg afbrigði kórónaveirunnar koma fram erlendis og nauðsynlegt reynist að hamla dreifingu þeirra til landsins. Einnig er mikilvægt að þeir aðilar sem sinnt hafa framkvæmd þeirra aðgerða séu með tilbúna áætlanir um að bregðast hratt við og geta hafið aðgerðir aftur með mjög litlum fyrirvara t.d innan 72 klst.**